

# Eystrahorn

19. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 23. maí 2019

www.eystrahorn.is

## Sýning í Nýheimum

Síðastliðið haust var samsýningin „Frá mótun til muna“ sett upp í Listasafni Árnesinga í Hveragerði, en að henni standa níu leirlistarmenn víðsvegar að af landinu. Hópurinn ákvað í kjölfarið að miðla þessari áhugaverðu þekkingu um fjölbreytileika þessarar listgreinar til almennings og gera sýninguna að farandsýningu. Fyrsti áfangastaðurinn í þeirri ferð er hér á Höfn í samstarfi við Menningarmiðstöðina og næsti viðkomustaður er í Safnahúsinu á Húsavík í september.

Auk verka eftir listamennina, sem öll voru unnin sérstaklega fyrir sýninguna, má segja að kjarni hennar sé heimildarmyndin – Raku



Stelpurnar við ofninn

frá mótun til muna, en hún var tekin upp og unnin haustið 2017 Þegar Handverk og hugvit undir Hamri í Hveragerði fékk kennarann og listamanninn Anders Fredholm frá Svíþjóð til að halda vinnustofu um

byggingu á viðarbrennslu-rakuofni og aðrar frumstæðar leirbrennslur við opinn eld.

Holubrennsla er upprunalegasta brennsluáferðin, en hana var farið að nota um sex þúsund árum fyrir Krist. Í byrjun voru munirnir ekki vatnsheldir en menn tóku eftir því að askan sem settist á munina myndaði einhvers konar glerung sem gerði þá vatnshelda. Það má því segja að hver hlutur sem fer í holubrennslu sé einstakur. Í dag eru nýtt alls konar efni til að ná fram hinum ýmsu litum í leirinn s.s hrossaskít, þara, kaffikorg, þurr gras, salt ásamt ýmiskonar oxidum. Þessi efni ásamt þremur helstu grunnefnum heimsins, jörð, eldur og loft skapa brennsluna og mismunandi aðkoma þeirra mótur útkomuna. Leirlistamaðurinn er hluti af brennslunni en ekki stjórnandi. Hann tengist jörðinni, nýtur og býður fagnandi hins óvænta.

Raku brennsla er einnig aldagömul og á uppruna sinn í Kína á 12. öld. Japanir tóku þessa hefð upp á 16. öld í tengslum við tetrykkjuathafnir sem tengjast hugmyndafræði Zen-búddisma. Hugtakið raku merkir gleði, ánægja eða hamingja og má segja að það hafi verið þessar tilfinningar sem þeir voru að nálgast í tetrykkjuathöfnum sínum. Við það að einangrun Japans rofnar um miðja nítjándu öld berst þessi þekking út til Vesturlanda. Fyrir um fjórtíu árum varð til ný aðferð innan rakubrennslunnar hjá leirlistamanninum David Roberts sem kallast Naked Raku. Þessi aðferð er mjög vinsæl og er mikið notuð í dag. Út frá námskeiðinu hjá Anders Fredholm myndaðist sterkur hópur af kjarnakonum sem kalla



Anders og ofninn

sig Brennuvarga. Þær njóta þess að koma saman úti í náttúrunni og brennuvargast.

Verið velkomin á opnun á sýningunni „Frá mótun til muna“ í Nýheimum Sunnudaginn 26. maí kl. 15:00. Sýningin mun standa í Nýheimum frá 26. maí til 30. júní.

Sýnendur eru Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir, Hólmfríður Arngrímsdóttir, Hrönn Waltersdóttir, Ingibjörg Klemenzdóttir, Katrín V. Karlsdóttir, Ólöf Sæmundsdóttir, Steinunn Aldís Helgadóttir og Þórdís Sigfúsdóttir.

## Sunddeild Sindra

Þann 11. maí fórum við með 10 börn á Hennýjarsundmótið sem haldið er á Eskifirði. Voru 83 börn skráð á mótið frá 5 félögum en þetta er minningarmót sem haldið er um Þorbjörgu Henný Eiríksdóttur og hefur það verið haldið síðan 2012 og höfum við alltaf farið með börn á þetta mót.

Í yngri hópnum kepptu 6 börn, 8 og 9 ára og fengu þau öll þátttökupening. Boðsundsveitin okkar varð í 2. sæti. Stóðu þau sig mjög vel.

Í eldri hópnum okkar vorum við með 4 börn 12 og 13 ára og fóru þau öll á

pall í sínum greinum, 10 gull, 6 silfur og 1 brons. Þau kepptu í boðsundi og fjórsundi og voru í 1. sæti í báðum greinum og þar fengu þau 8 gull.

4 stígabikarar voru að þessu sinni fyrir flest stigin og fengu okkar börn 2 bikara með sér heim.

Við er mjög ánægð með þessa frábæru helgi og hvað sundfólkið okkar stóð sig vel.

Viljum við þakka baklandi okkar kærlega fyrir stuðninginn.

Með bestu kveðju Sunddeild Sindra.



Athugið að næsta tölublað kemur út miðvikudaginn 29. maí.  
Skilafrestur á auglýsingum og öðru efni er til kl. 14 mánudaginn 27. maí



## Hafnarkirkja

Sunnudaginn 26. maí  
Græn messa kl. 14:00

Umhverfis- og  
sumarsálmar sungnir  
Ræðu flytur Steinunn  
Hödd Harðardóttir  
Kaffi og spjall eftir messu  
Allir velkomnir

Prestarnir

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



**SAMVERUSTUND** Föstudaginn 24. maí.  
EKIÐ UM HÖFN.

Leiðsögn Hulda Laxdal Hauksdóttir.  
Endað í pizzu í Íshúsinu.  
Farið frá Ekru kl. 15:30.

## FERMINGAR- & ÚTSKRIFTARGJAFIR

Rúm, verð frá 89.400 kr, dýnuhlíf fylgir með.  
Fallegar fermingar- og útskriftargjafir: Náttborð,  
rúmföt, rúmteppi, speglar, hillur,  
lampar, tjöld og svefnpokar frá Everest og  
skartgripir frá Sign og Asa.

Vorum að fá nýja sendingu af fallega grænum  
og blómstrandi  
pottablómum.

*Húsgagnaval*

Verið velkomin

Símar: 478-2535 / 898-3664  
Opíð: virka daga kl. 13:00 - 18:00

## Barnastarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar 2019

Nú liður að því að barnastarf  
Menningarmiðstöðvarinnar fari af  
stað. Þar sem kröckum gefst tækifæri  
á að kynna nærniðverfinu á nýjan  
hátt. Eins og fyrr ár verður farið af  
stað frá Nýheimum kl. 13 á  
Þriðjudögum, nema annað sé auglýst  
sérstaklega.

*Það er frítt að koma með í ferðina  
skráning fer fram á mánudögum  
fyrir viðkomandi ferð í síma 470-  
8050 og við mánunum ykkar á að koma  
klæddir eftir veðri og með nesti.*

Í ár munum við ferðast um víðan  
völl og ferum við til dæmis og  
skoðum kálfana í Flatey, skoðum  
fugla og blóm í Óslandinu, sighum  
út í Mikley, fstrum á Lúruveidar,  
tínum ber og kynnumst náttúru  
okkar. Við endum svo barnastarfið  
með óvissuferð.

Fylla þarf út leyfisblöð við fyrstu ferð barns og fást þau á bókasafninu.

Skráning í ferðir eru í síma 470-8050.

04.06.	Flatey
11.06.	Óslandið, Fuglaskoðun
18.06.	Hólmur í Laxárdal
25.06.	Lúra
02.07.	Gleypuhraun
09.07.	Haukafell
16.07.	Mikley
23.07.	Stjörnstígurinn
30.07.	Papás
13.08.	Óvissuferð

\*Ferðir og dagsetningar geta breyst

Vegna veðurs\*



Sveitarfélagið

**HORNAFJÖRÐUR**

Könnun um útivist og vistvænar  
samgöngur

- Hefur þú skoðun á uppbyggingu göngu- og hjólaleiða á Höfn?
- Hvernig er drauma útivistarsvæðið þitt og leiksvæði fyrir börnin?
- Taktu þátt í íbúakönnuninni á [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) og hafðu áhrif!

Könnunin er opin til 10. júní nk.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933  
Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is  
Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

**Eystrahorn**

**Vildaráskrift**

Nýir vildaráskrifendur  
velkomnir í hópinn.

**HLS ehf.**

**Rnr. 0537-14-409068**

**Kt. 500210-2490**



**Manstu eftir taupokanum?**

**ÞOKASTÖÐIN**  
Hornafjörður - Iceland

## Dósaöfnunin er flutt frá Heppuskóla



Dósaöfnunin hjá Ungmennafélaginu Sindra hefur verið færð fyrir framan Heklu að Hafnarbraut 15. Félagið þakkar fyrir allan stuðningin sem Hafnarbúar hafa veitt okkur með því að gefa dósir í gott málefni og vonar að það verði áframhaldandi samstarf á því sviði.

## Garðplöntur, garðábúurður, gróðurmold og fleira


Opið virka daga  
kl. 13:00 - 18:00  
Laugardaga  
kl. 11:00 - 16:00

Ath lokað laugardaginn  
25. maí, þess í stað er  
opið sunnudaginn 26. maí  
kl. 11:00 - 16:00.

Verið velcomin

## Gróðarstöðin Dilksnesi

Íslenskar  
garðplöntur



### Aðalfundur Krabbameinsfélags Suðausturlands

verður haldinn í sal AFLS að Víkurbraut  
**Þriðjudaginn 28 maí kl. 20.00.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

Allir hjartanlega velcomnir

Stjórn Krabbameinsfélags  
Suðausturlands.



## MEISTARAFLOKKUR KARLA 3 DEILD.

LAUGARDAGINN 25. MAÍ KL. 16:00

**SINDRI – AUGNABLIK**

FJÖLMENNUM Á VÖLLINN OG  
STYÐJUM OKKAR MENN



## SUMARNÁMSKEIÐ SMÁLEIKHÚSSINS

Grunnnámskeið  
dans, söngur, leiklist  
í Sindrabæ  
3. - 28. júní

7-8 ára	9-12 ára	13-16 ára
20.000 kr.	25.000 kr.	35.000 kr.

Frekari upplýsingar og  
skráning  
á  
[www.smaleikhusid.com](http://www.smaleikhusid.com)



SMÁLEIKHÚSID



Endurmenntun lbhí

## Trjáfellingar og grisjun með keðjusög

Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt þar sem fjallað verður m.a. um fellingartækni, öryggisatriði og rétta líkamsbeitingu.

**Haldið 6.-8. júní á Egilsstöðum og Hallormsstað**

## Reiðmaðurinn

Tveggja ára nám ætlað fróðleiksfúsum hestamönnum og áhugafólki um reiðmennsku sem vill auka við þekkingu sína og færni í reiðmennsku, hrossarækt og almennu hestahaldi.

**Hefst haust 2019 á Egilsstöðum**



[www.lbhi.is/namskeid](http://www.lbhi.is/namskeid) • [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is) • 433 5000

# Það verður líf og fjör á Höfn um Verslunarmannahelgina

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Höfn dagana 1.-4. ágúst (verslunarmannahelgin). Mótin hafa vaxið og sannað gildi sitt sem glæsilegar fjölskyldu- og íþróttahátíðir þar sem saman koma börn og ungmenni ásamt fjölskyldum sínum og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá. Á móti sem þessu þurfa margar hendur að hjálpa að svo allt gangi vel fyrir sig. Kristín Ármannsdóttir hefur tekið að sér stöðu starfsmannastjóra og allir þeir sem hafa áhuga á að gerast sjálfbóðaliðar og hjálpa til hluta úr degi eða alla helgina, endilega hafið samband við Kristínu og hún tekur glöð á móti öllum skráningum. Frjálsíþróttadeildin stendur fyrir dómaramámskeiði dagana 27. og 28. maí fyrir þá sem vilja starfa á frjálsíþróttavellinum. Kennt verður báða dagana frá kl. 19-22.

Á fyrra kvöldinu verður farið yfir almenn atriði er varða dómgæslu og hlaupagreinar.

Seinna kvöldið verða teknar fyrir vallargreinar, þ.e. stökk og köst. Í boði er fullt námskeið sem lýkur með skriflegu prófi og að því loknu, og með viðunandi árangri, hefur þátttakandi hlotið réttindi héraðsdómara í frjálsíþróttum sem hafa gildistíma til loka árs 2023. Þeir sem hafa áður hlotið héraðsdómaramaréttindi fyrir meira en fjórum árum, geta endurnýjað réttindi sín með því að taka skriflega prófið án þess að sitja námskeiðið. Þá er einnig í boði að taka einungis almenna hlutann og svo hlaup, stökk eða köst og þar með fá réttindi greinadómara í hlaupum, stökkum eða köstum. Ekki þarf að taka próf ef einungis er ætlunin að ná sér í réttindi greinadómara.



Kennari á námskeiðinu verður Þorsteinn Þorsteinnsson, formaður dómaramenningar Frjálsíþróttasambands Íslands, FRÍ.

Hægt er að sjá meira um námskeiðið á Facebook viðburðinum „Dómaramámskeið fyrir Unglingalandsmótið á Höfn“

Skráningar á námskeiðið sendist til:

Önnu Bjargar [abk@simnet.is](mailto:abk@simnet.is)

Berglindar: [berglind@glacieradventure.is](mailto:berglind@glacieradventure.is)



**Boðað er til aðalfundar félagsins í Ekru þriðjudaginn 28. maí 2019 kl. 20:00.**

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
2. Reikningar félagsins lagðir fram
3. Árgjald og rekstra- og framkvæmdaráætlun
4. Samningar og önnur lögfræðilega atriði
5. Lagabreytingar
6. Kosning formanns, tveggja stjórnarmanna, tveggja varamanna og tveggja skoðunarmanna reikninga.
7. Önnur mál

**SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA**  
 Þrívíddargrafík,  
 umbrot og auglýsingagerð.  
 Hafðu samband:  
[tjorvi@upplausn.is](mailto:tjorvi@upplausn.is)  
 eða í síma  
 848-3933.



## MINNINGARMÓT GUNNARS HERSIS

Minningarmót Gunnars Hersis verður nú haldið í sjötta sinn þann 31. Maí 2019 á Silfurnesvelli. Mótið er til minningar um Gunnar Hersi Benediktsson sem lést 25. júlí 2013

Mótið er veglegt að vanda enda nýtur það stuðnings góðra bakhjarla. Að þessu sinni rennur ágóði mótsins til barna- og unglíngastarfs Golfklúbbs Hornafjarðar.

Mótið er fyrir alla þá sem hafa gaman af golfi, vilja minnst góðs drengs og styrkja gott málefni. Þeir sem ekki spila golf geta samt sem áður tekið þátt með því að kíkja við í golfskalanum og fá sér súpu.

Skráning fer fram á [golf.is](http://golf.is) eða í tölvupósti á netfangið [bjorns@hornafjordur.is](mailto:bjorns@hornafjordur.is) eða [gudbjorg@colas.is](mailto:gudbjorg@colas.is)

Þáttökugjald er 5.000.-



### DAGSKRÁ:

Ræst verður út af öllum teigum klukkan 19:00 og verða spilaðar níu holur.

Mótið er punktakeppni þar sem hámarksförgjöf karla er 30 og kvenna 36

Boðið er upp á súpu fyrir keppendur en öðrum gefst kostur á að styrkja gott málefni með því að koma í golfskálann og kaupa sér súpu.

### VERÐLAUN:

- 1 Gisting og kvöldverður fyrir tvo á Hótel Selfossi
- 2 Flug með Flugfélaginu Erni
- 3 Flug með Flugfélaginu Erni

Veitt verða verðlaun fyrir 7,15,23,30,35 og 42 sæti Nándarverðlaun á öllum þar 3 brautum. Einnig verður dregið úr skorkortum.



INGVAR SIGURÐSSON



MYND EFTIR H.PÁLMASON

# HVÍTUR, HVÍTUR DAGUR



Kærar þakkir til íbúa á Hornafirði fyrir  
aðstoð á meðan á tökum stóð.

# Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?

N1 Höfn óskar eftir að ráða kraftmikið og þjónustulipurt starfsfólk til sumarstarfa. Þjónustustöðin okkar er fjörugur vinnustaður og iðar af mannlífi frá morgni til kvölds. Unnið á vöktum.

## Helstu verkefni

- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

## Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Áhugasamir sækja um á [www.n1.is](http://www.n1.is) – merkt Höfn.

Nánari upplýsingar veitir Björn Þórarinn Birgisson, verslunarstjóri, í síma 478 1490 eða [bjornb@n1.is](mailto:bjornb@n1.is)

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

